

Reykjavík 24. febrúar 2017  
Umsögn Íslenskra fjallaleiðsögumanna um:  
146. löggjafarþing 2016-2017.  
Þingskjal 187 — 128. mál.  
Stjórnarfrumvarp.  
Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.  
Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Gríðarlega mikilvægt er að geta nýtt minni farartæki í ferðaþjónustu. Bent er á að eftirspurn eftir slíkum ökutækjum er mjög mikil en minni bifreiðar eru bæði umhverfisvænni og öruggari ásamt því að geta þjónað hreyfihömluðum. Eins og staðan er í dag hefur ferðaþjónustan ekki heimild til að nýta bifreiðar sem taka færri en níu farþega og því þurfa fyrirtæki að senda litla hópa á mun stærri ökutækjum en þörf er á. Með því er ekki einungis verið að setja ferðamenn, og þar með orðspor Íslands sem áfangastaðar, í óþarfa hættu, heldur gengur það jafnframt þvert á umhverfisviðmið Vakans fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Í Frumvarpi til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (2015/504) var í 31. gr. lagt til að bæta við undantekningum á einkarétti leigubílstjóra til farþegaflutninga á bifreiðum átta farþega eða færri. Meðal þeirra var svokallað ferðaþjónustuleyfi sem veitir heimild fyrir ferðaþjónustufyrirtæki að nota minni bifreiðir, að uppfylltum skilyrðum.

Í útskýringum á gildissviði frumvarpsins segir m.a. að „[á] síðastliðnum árum hafa hins vegar orðið breytingar bæði í almenningssamgöngum og ferðamennsku sem gera þetta skipulag um margt óhagkvæmt frá þjóðhagslegu tilliti, einkum vegna umhverfis- og hagkvæmnissjónarmiða. Þannig er almenningssamgöngum á leiðum með 1–3 farþega sinnt á 10–40 manna bifreiðum, jafnframt sem aukin eftirspurn er eftir þjónustu fyrir litla hópa ferðamanna, fjölskyldur og jafnvel staka ferðamenn, á smærri bifreiðum þar sem boðið sé upp á ýmiss konar þjónustu, án þess að um edalvagna eða sérútbúnað bifreiðar sé að ræða.“

Við óskum eftir því að umrædd grein komi fyrir í frumvarpi til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Lagt er því til að eftirfarandi grein verði bætt inn í frumvarpið samhliða 9. gr. um akstur sérútbúinna fyrirtækja:

### ***Ferðaþjónustuleyfi.***

*Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðaþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi.*

*Skilyrði ferðaþjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðaþjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðaþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðaþjónustu.*

*Ökutæki ferðaþjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila.*

*Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðaþjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði m.a. um heimild og skilyrði til að nota bílaleigubíla undir ferðaþjónustuleyfi.*

Virðingarfyllt  
F.h. Íslenskra Fjallaleiðsögumanna  
Kristján Skúli Skúlason